



Kvennafangelsið í Kópavogi

Endurbætur

SKILAGREIN

Desember 2017

Efnisyfirlit

Almennt um skilagreinar	3
1 Undirbúningur	4
1.1 Lýsing verkefnis.....	4
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað	4
2 Verklef framkvæmd.....	5
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	5
2.2 Framvinda.....	5
2.3 Eftirlit og úttektir	5
3 Reikningslegt uppgjör	6
3.1 Heildarkostnaður.....	6
4 Samantekt / niðurstöður.....	6
4.1 Árangur framkvæmdarinnar.....	6
4.2 Staðfesting skilagreinar	6



Mynd 1. Öryggisgirðing á lóð.

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.



Mynd 2. Ný útihurð að lóð.

1. Undirbúningur

1.1 Lýsing verkefnis

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir endurbótum á Kvennafangelsi í Kópavogi sem framkvæmdar voru á árinu 2012.

Um var að ræða uppsetningu á öryggisgirðingu og skjólvegg á lóðinni og breytingar á notkun tveggja herbergja á jarðhæð. Auk þess var komið fyrir útihurð frá jarðhæðinni að lóðinni sunnan megin.

Verkkaupi var Fangelsismálastofnun.

Verkefnastjóri og eftirlitsmaður hjá FSR var Sigurður Norðdahl.

1.2 Frumathugun

Fangelsismálastofnun sá um undirbúning að verkefninu og skilgreiningu þess en um nauðsynlegar endurbætur í öryggis- og aðgangsmálum var að ræða. Eiginleg frumathugun var ekki unnin fyrir verkefnið.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Um byggingarleyfisskylda framkvæmd var að ræða og var því leitað til hönnuðar sem þekkti til fyrri breytinga á húsinu, Gylfa Guðjónssonar arkitekt. Gerð voru útboðsgögn, eins og teikningar, verklýsing og tilboðsskrá.

Ráðgjafar

Gylfi Guðjónsson arkitekt var fenginn til þess að gera teikningar og verklýsingu.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Kostnaðarmat í upphafi var nokkuð lágt eða um 3 m.kr. Þegar magnskrá lá fyrir var talið að heildarkostnaður yrði um 5 m.kr.



Mynd 3. Skjólveggur á lóð.

2. Verklef framkvæmd

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Verkið var boðið út til valdra verktaka. Þar að auki var aflað tilboða í öryggisgirðingu frá tveimur aðilum.

Samið var við Öryggisgirðingar ehf., Sérverk ehf. og Rafverk sf. um verkefnið. Heildarjárhæð verksamninga nam um 3,8 m.kr.

2.2 Framvinda

Verkið hófst í ágúst 2012 og því lauk í nóvember 2012.

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit var í umsjón Sigurðar Norðdahl, verkefnastjóra hjá Framkvæmdasýslu ríkisins. Ábyrgðarúttekt fór fram í október 2013 eða um ári frá lokaúttekt.

Samskipti við hönnuði og verktaka gengu vel.



Mynd 4. Ný útihurð að lóð séð innan frá.

3. Reikningslegt uppgjör

3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður nam 5.440 þús. kr. og fór því 440 þús. kr. fram úr áætlun.

4. Samantekt / niðurstöður

4.1 Árangur framkvæmdarinnar


Verkið gekk vel og var því skilað eins að var stefnt.

4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Handwritten signature of Hafsteinn S. Hafsteinsson in blue ink.

Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



www.fsr.is

